

Kjaradeilusjóður FÍN

Ársreikningur
2024

Kjaradeilusjóður FÍN
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Kt. 530169-4139

Kjaradeilusjóður FÍN

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjaradeilusjóðs FÍN

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2024 og efnahag þess 31. desember 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kjaradeilusjóð FÍN í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kjaradeilusjóðs FÍN. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar oq sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 24. mars 2025.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður ársins 2024 kr. 27.554.569. Hrein eign sjóðsins í árslok nam kr. 426.015.211.

Stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2025.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur		0	0
Veittir styrkir		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrarhagnaður		0	0
Vaxtatekjur og verðbætur		24.160	13.539
Matsbreyting og hagnaður (tap) af verðbréfum	3	36.749.675	19.110.293
Fjármagnstekjuskattur		(7.740.567)	(4.047.278)
Fjármagnsgjöld		(1.478.699)	(1.354.761)
		<u>27.554.569</u>	<u>13.721.793</u>
Hagnaður ársins		<u><u>27.554.569</u></u>	<u><u>13.721.793</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Veltufjármunir			
Verðbréfaeign	3	419.921.592	398.208.716
Handbært fé		6.199.160	351.988
		<u>426.120.752</u>	<u>398.560.704</u>
Eignir		<u>426.120.752</u>	<u>398.560.704</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi		398.460.642	384.738.849
Hagnaður ársins		27.554.569	13.721.793
Eigið fé		<u>426.015.211</u>	<u>398.460.642</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		105.541	100.062
Skuldir		<u>105.541</u>	<u>100.062</u>
Eigið fé og skuldir		<u>426.120.752</u>	<u>398.560.704</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Kjaradeilusjóður FÍN er sjóður á vegum stéttarfélagsins Félags íslenska náttúrufræðinga. Lögheimili félagsins er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu, líkt og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan verðbréfaeign sem færð er á gangvirði. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að sjóðurinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður

Innlausn tekna

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Verðbréfaeign

	2024	2023
Arion banki	288.481.565	268.166.896
Íslensk verðbréf	168.492.893	160.430.923
Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði	(37.052.866)	(30.389.103)
	<u>419.921.592</u>	<u>398.208.716</u>

Gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning greinast þannig:

Arion banki	21.305.870	8.524.107
Íslensk verðbréf	15.443.805	10.586.186
	<u>36.749.675</u>	<u>19.110.293</u>